

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um frítekjumark  
á framfærsluuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Frá Jóhanni Páli Jóhannssyni.

- Hver yrði árlegur heildarkostnaður ríkissjóðs af því að taka upp frítekjumark atvinnutekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu hjá örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum sem næmi 60 þús. kr. á mánuði?
- En ef frítekjumarkið væri 120 þús. kr. á mánuði?
- En ef frítekjumarkið í báðum tilvikum tæki til allra tekna en ekki aðeins atvinnutekna?
- Hver yrði heildarkostnaður ríkissjóðs af því að lækka skerðingarhlutfall tekna gagnvart sérstakri uppbót á lífeyri vegna framfærslu úr 65% í 45% og taka um leið upp 60 þús. kr. frítekjumark atvinnutekna gagnvart uppbótinni?

Skriflegt svar óskast.